

Ed.

774. Frumvarp til laga

um viðauka við og breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Auk þess innflutningsgjalds af benzini, sem innheimta skal samkvæmt fyrir-mælum a-liðar 1. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, 4 aura af hverjum lítra, skal innheimta 5 aura innflutningsgjald af hverjum lítra frá og með 1. janúar 1946 til ársloka 1947. Ákvæði nefndra laga nr. 84 1932 gilda um innheimtu og endurgreiðslu þessa við-bótarinnflutningsgjalds.

2. gr.

1. málsgr. 4. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932 orðist svo:

Eindagi gjalds þessa, sem um ræðir í 1. gr. c- og d-lið, er 1. apríl ár hvert, og gjaldið innheimtist þar, sem bifreið er skrásett. Gjaldskylda telst frá því er bifreiðarmerki er afhent, ef um nýskrásetta bifreið er að ræða, en ella fyrir síðast-liðið ár á undan gjalddaga, og reiknast skatturinn hlutfallslega fyrir hluta úr ári, hvort sem svo stendur á, að merki hefur verið afhent á gjaldárinu eða gjaldskyld bifreið hefur ónýtzt.

Skatturinn telst aðeins fyrir heila mánuði, þannig að 15 dagar eða meira telst heill mánuður, en minna broti er sleppt.

3. gr.

Á eftir 2. málsgrein 4. gr. laga nr. 84 1932 kemur ný málsgrein, er hljóðar svo, og breytist röð síðari málsgreina í greininni eftir því:

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á, að greiddur hafi verið af henni bifreiðaskattur fyrir síðastliðið skattár, svo og skoðunargjald og váttryggingariðgjald ökumanns fyrir sama tímabil.

Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á henni, taka af henni einkennismerki hennar og afhenda þau lögreglustjóra, en lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur, fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu framangreindra gjalda.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar á tilsettum tíma og gjöldin af henni eru ekki greidd, skal lögreglustjóri eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns stöðva bifreiðina, hvar sem hún hittist, og taka merki hennar til geymslu, svo sem að framan segir.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Með þeim eru úr gildi numin lög nr. 126 30. desember 1943.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni fjármálaráðherra. Hefur nefndin athugað frumvarpið og borið það saman við lög nr. 126 30. des. 1943, en þau féllu úr gildi um síðustu áramót. Mælir nefndin með frumvarpinu. Einn nefndarmanna (BSt) áskilur sér óbundið atkvæði.

Frumvarpinu fylgdu svolátandi athugasemdir:

Með 1. og 2. gr. frumvarps þessa eru framlengd ákvæði 1. og 3. gr. laga nr. 126 30. desember 1943. Ákvæði 3. greinarinnar er nýmæli í lögum, en í samræmi við framkvæmd bifreiðaskattslaganna, þegar því verður við komið. Með gildistöku ákvæðisins er framkvæmdin fyrirskipuð og yfirvöldum heimilað að framfylgja henni.